

Hrísey – perla Eyjafjarðar

Hrísey er einstök í sinni röð, sannkölluð perla Eyjafjarðar. Hún er önnur stærsta eyjan við Ísland, næst á eftir Heimaey. Þar er mannlífið blómlegt, útsýni stórfenglegt um allan fjörðinn og fuglalíf fjölskrúðugt. Talið er að allt að 40 fuglategundir verpi í eyjunni og er rjúpan mjög áberandi, enda á hún þar griðland.



Hrísey er um 7,5 km að lengd og 2,5 km að breidd þar sem hún er breiðust að sunnanverðu. Í Hrísey búa um 200 manns og var eyjan sameinuð sveitarfélaginu Akureyri í kosningum árið 2004.



Skemmtilegar gönguleiðir eru um alla eyjuna en einnig er gaman að skoða litla snyrtilega sjávarþorpið þar sem ferjan Sævar leggst að bryggju. Þar eru göturnar hellulagðar, bílaumferð lítil og garðar eyjarskeggja í góðri rækt.

Sigling út í eyju með ferjunni Sævari tekur aðeins um 15 mínútur. Farið er frá Árskógssandi á einnar til tveggja stunda fresti. Upplýsingar um fargjald og fleira eru á heimasíðunni www.hrisey.net. Síminn í Sævari er 695 5544 / 696 2544.

Hvað viltu gera?

Margt skemmtilegt er hægt að sjá og gera í Hrísey. Forvitnilegt er að heimsækja söfnin í eyjunni eða skoða hana í rólegheitum með því að rölta eftir merktum gönguleiðum.

Dráttarvélaferðir í heyvögnum með leiðsögn eru afar vinsælar. Boðið er upp á daglegar ferðir yfir sumartímann og tekur hver ferð um 40 mínútur. Einnig er boðið upp á vitaferðir en útsýnið við vitann er stórkostlegt og sólarlagið nýtur sín hvergi betur. Brottfarir samkvæmt samkomulagi.

Í elsta húsi Hríseyjar, húsi Hákarla-Jörundar, hefur verið komið upp vísi að sýningu sem tengist hákarlaveiðum við strendur Íslands fyrr á öldum. Húsið hefur verið gert upp og fært í upprunalegt horf, þar er rekin upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn.



Opið alla daga kl. 10.00 – 16.00 frá byrjun júní til lok ágúst, utan þess tíma er opið eftir samkomulagi. Í Holti, húsi Öldu Halldórdóttur, er nú að finna eins konar byggðasafn Hríseyjar en Alda ánafnaði Hríseyjarhreppi húsið eftir sinn dag. Opið skv. samkomulagi.

Boðið er upp á bátsferðir fyrir hópa m.a. í kring um eyjuna, til að huga að kræklingalínunum, renna fyrir fisk, skoða sjófugla eða sigla á vit miðnætursólarinnar.

Nánari upplýsingar um brottfarir, verð og bókanir hjá upplýsingamiðstöðinni í síma 695 0077 / hrisey.net

Eyjan fagra

Gönguleiðir

Í Hrísey eru merktar gönguleiðir með upplýsingaskiltum á íslensku og ensku þar sem er að finna ýmsan fróðleik um flóru og fánu, jarðfræði og sögu eyjunnar.

Græna leiðin, u.þ.b. 2,3 km. Gula leiðin, u.þ.b. 4,5 km. Rauða leiðin, u.þ.b. 5,0 km. Á þessum gönguleiðum er tilvalið að hlaða batteríin með viðkomu í Orkulindinni.

Sund

Tilvalið er að bregða sér í sund eftir hressandi göngu í nýuppgerðri sundlaug staðarins.

Fuglaskoðunarhús

Fuglaskoðunarhúsi hefur verið komið fyrir við svo-kallaða Lambhagatjörn og má sjá þar margar teg-undir af öndum og vaðfuglum. Helstu ástæður fyrir þessu óvenjulega mikla fuglalífi eru að allt fugladráp og eggjataka er bönnuð í eyinni og þar finnast ekki refir, minkar, mýs eða rottur.

Nánari upplýsingar er að finna á www.hrisey.net

